



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um vegabætur í Heiðmörk (US200063).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins úr borgarráði:

Lagt er til að farið verði í vegabætur í Heiðmörk og að kaflann frá Þjóðveginum að Elliðavatnsbænum hafi forgang enda hefur vegurinn lengi verið í mjög slæmu ásigkomulagi. Mikil umferð er um veginn að Elliðabænum og þar hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur aðsetur sitt sem fagnar 70 ára afmæli sínu nú í sumar.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Umsögn:

Samkvæmt vegalögum skulu vegir lagðir í samræmi við staðfestar skipulagsáætlanir. Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir Heiðmerkursvæðið og lega vega á svæðinu kemur ekki fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010- 2030. Að mati skrifstofunnar er ekki skynsamlegt að hefja framkvæmdir við endurbætur á vegum í Heiðmörk, fyrr en fyrir liggur staðfest framtíðarskipulag fyrir samgöngur á svæðinu.

Á vegum skipulagsfulltrúa er nú unnið að deiliskipulagi fyrir svæði Rauðhóla. Meðal markmiða skipulagsins er að skilgreina aðkomuna inni í Heiðmörk og mögulegar breytingar á veginum og bílastæðahólfum við Rauðhóla. Þegar það skipulag liggur fyrir, má ætla að nokkur grundvöllur verði kominn fyrir frekari uppbyggingu vega á svæðinu. Forsenda varanlegra vegabóta á svæðinu er þó að gengið verði frá skipulagi fyrir Heiðmerkursvæðið sjálft.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

